



Starfsáætlun

2013-2014



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um Vatnsendaskóla.....	4
Stjórnskipulag.....	5
Hagnýtar upplýsingar	5
Skrifstofujónusta	6
Forföll nemenda	6
Leyfi frá skóla.....	6
Skóladagatal	6
Helstu viðburðir skólaársins	7
Skóladagur nemenda í 1. – 7. bekk.....	8
Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk.....	8
Mötuneyti.....	9
Dægradvöl	9
Starfsáætlun nemenda	10
Tilhögun kennslu	10
Félagslíf og vettvangsferðir	11
Bekkjarskemmtanir.....	11
Skólabúðir.....	11
Vettvangsferðir.....	11
Árshátíðir	11
Skák.....	11
Val nemenda í 8.-10. bekk.....	13
Upplýsingar um nemendur.....	14
Starfsfólk Vatnsendaskóla	15
Samstarf heimila og skóla.....	17
Nemenda- og foreldraviðtöl.....	17
Um skólaráð.....	17
Skólaráð Vatnsendaskóla.....	18
Foreldrafélag Vatnsendaskóla	18
Nemendaráð Vatnsendaskóla	19
Skólabragur.....	20
Skólareglur Vatnsendaskóla	20
Viðbrögð við brotum á skólareglum.....	21

Upplýsingar um stoðþjónustu	21
Sérkennsla	21
Stuðningsfulltrúar	22
Þroskabjálfar.....	22
Skólahjúkrun.....	22
Sálfræðiþjónusta	23
Náms- og starfsráðgjöf	23
Talkennsla.....	24
Nemendaverndarráð	24
Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs	24
Símenntunaráætlun.....	24
Áherslur varðandi símenntun.....	25
Mat á skólastarfi.....	25
Skólaþróun og umbótastarf.....	26
Byrjendalæsi	26
Orð af orði	26
Uppeldi til ábyrgðar.....	26
Netnám og spegluð kennsla	27
Grænfáni í Vatnsendaskóla	27
Rýmingaráætlun Vatnsendaskóla.....	28
Viðbrögð við vá.....	28
Skólaakstur	29

Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Starfsáætlun Vatnsendaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hún er hluti af skólanámskrá skólans. Í starfsáætluninni koma fram helstu viðburðir, áherslur og markmið í skólastarfinu í vetur. Í henni koma einnig fram þær venjur, siðir og reglur sem ríkja í skólanum. Starfsáætlunin er birt á pdf-formi á heimasíðu skólans. Þá er hægt að fá hana útprentaða á skrifstofu skólans.


Um Vatnsendaskóla

Vatnsendaskóli tók til starfa haustið 2005. Þá var ein kennsluálma tilbúin til notkunar. Önnur kennsluálma og verkgreinahús bættist við haustið 2006 og unglingaálman var tekin í notkun á þriggja ára afmæli skólans haustið 2008. Á sama tíma var skrifstofuhúsnæði, bókasafn og mötuneyti opnað. Síðasta byggingaáfanganum lauk með vígslu samkomusalar 26. janúar 2012. Haustið 2013 var svo tveimur lausum kennslustofum, Holti og Mýri, bætt á skólalóðina.

Vatnsendaskóli stendur við Elliðavatn í fallegu umhverfi. Í skólanámskrá er sérstök áhersla á útikennslu, náttúrufræði og umhverfismennt. Góðar forsendur eru fyrir hendi að tengja skólastarfið við umhverfið með virkum hætti. Göngustígur liggur frá skólanum niður að vatninu og tengist stígakerfi sem opnar leið að fjölbreyttum náttúru- og útivistarsvæðum. Tvær sérhannaðar náttúrufræði- og raungreinastofur eru í skólanum.

Í Vatnsendaskóla eru 504 nemendur og um 70 starfsmenn. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru leiðarljós skólans. Gildi skólanámskrár eru byggð á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi.

Stjórnskipulag



Skólastjóri ber ábyrgð á öllu skólastarfi í Vatnsendaskóla samkvæmt grunnskólalögum. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Undir stoðkerfi skólans falla námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og talmeinafræðingur.

Hagnýtar upplýsingar

Vatnsendaskóli, Funahvarfi 2, 203 Kópavogur

Símanúmer skólans: 570 4330

Símanúmer í Dægradvöl: 570 4271/ 690 8706

Skólastjóri: Guðrún Soffía Jónasdóttir

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs: Hekla Hannibalsdóttir

Deildarstjóri mið- og elsta stigs: María Jónsdóttir

Forstöðumaður Dægradvalar: Hrefna Óskarsdóttir

Forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu: Birgir Rafn Birgisson

Húsvörður: Halldór Sigurjónsson

Heimasíða Vatnsendaskóla hefur vefslóðina www.vatnsendaskoli.is. Þar má finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, ýmsar áætlanir, eyðublöð, myndir úr skólalífinu o.fl.

Skrifstofubjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 7:45 – 15:45 mánudaga til fimmtudaga og frá klukkan 7:45 - 15:00 á föstudögum. Ritari skólans er Ása Magnea Vigfúsdóttir.

Öll eyðublöð skólans má nálgast hjá ritara og almenn eyðublöð má einnig nálgast á heimasíðu skólans, s.s. fyrir mataráskrift, nýskráningu nemenda, umsókn í Dægradvöl og umsókn foreldra um leyfi fyrir barn sitt.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf hvers skóladags til ritara í síma 570 4330 eða í gegnum www.mentor.is

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara. Sé um lengri tíma að ræða en einn dag skal sækja skriflega um leyfi hjá skólastjóra eða deildarstjórum. Eyðublöð um leyfisbeiðni má nálgast á skrifstofu eða á heimasíðu skólans.

Það er á ábyrgð foreldra að sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr vegna leyfis.

Skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali, sem finna má á heimasíðu skólans, eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda í 1. – 7. bekk eru 174 og 6 skertir dagar. Kennsludagar nemenda í 8. – 10. bekk eru 170 og skertir dagar því alls 10. Skertir dagar eru þegar nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólaboðunardagur, tveir foreldraviðtalsdagar, dagur vegna jólaskeppmtunar en þá koma nemendur aðeins á jólaskeppmtun og fara heim að henni lokinni. Öskudagur telst einnig til skerts dags því þá fara nemendur heim um hádegisbil og svo skólaslitadagur þar sem nemendur mæta til að taka við vitnisburði. Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 3. janúar. Vetrarleyfi er 21. - 22. október og 21. - 24. febrúar. Páskaleyfi er 12. - 21. apríl. Einnig fellur kennsla niður fimm daga á skólatíma nemenda vegna skipulagsdaga kennara, þ.e. 4. október, 20. nóvember, 3. janúar, 18. mars og 23. maí.

Helstu viðburðir skólaársins

- 22. ágúst skólaboðunarviðtöl Vatnsendaskóla.
- 23. - 27. september samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.
- 4. október sameiginlegur skipulagsdagur í grunnskólum Kópavogs.
- 7. – 11. október frammistöðumat.
- 15. október foreldra og nemendaviðtöl.
- 21. – 22. október vetrarfrí.
- 11. nóvember byrjar lestrarátak sem lýkur með uppskeruhátíð á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember.
- 20. nóvember er skipulagsdagur.
- 18. desember Jólasveinaleikar í íþróttahúsinu (óhefðbundnir íþróttaleikir).
- 19. desember jólahringekja hjá 8. -10. bekk (föndur og kaffihús í skólanum). 1. - 7. bekkur með föndur og kaffihús fyrr í desember.
- 20. desember litlu jólin.
- 3. janúar skipulagsdagur.
- 30. janúar foreldra- og nemendaviðtöl.
- 7. febrúar dagur stærðfræðinnar.
- 21. og 24. febrúar vetrarfrí.
- 5. mars öskudagshátíð.
- 10. – 14. mars frammistöðumat.
- 24. – 28. mars þemavika.
- 23. maí skipulagsdagur.
- 19. – 22. maí námsmat í 1. – 7. bekk á skólatíma.
- 26. -30. maí námsmat í 8. – 10. bekk.
- 3. -5. júní útivistardagar í Vatnsendaskóla.
- 6. júní skólaslit.

Skóladagur nemenda í 1. – 7. bekk

7:45	Skólinn opnaður
7:45	Bekkjarstofur opnaðar
8:10	Kennsla hefst hjá öllum nemendum
9:15 eða 9:50	Morgunhressing (fer eftir því hvort nemendur eru í smiðjum eða íþróttum/sundi í fyrstu tveimur kennslustundunum).
9:30 – 9:50	Frímínútur/útivist
9:50 – 11:10	Vinnulota
11:10 – 12:00	Matur og frímínútur/útivist hjá nemendum í 1. – 6. bekk
11:10 – 11:35	Frímínútur/útivist hjá nemendum í 7. bekk
11:35 – 12:15	Vinnulota hjá 7. bekk
12:15 – 12:40	Matur hjá nemendum í 7. bekk
12:00 – 13:20	Vinnulota – skóla lýkur hjá nemendum í 1. – 4. bekk – opnað er í Dægradvöl skólans.
13:20 – 14:00	Vinnulota– skóla lýkur hjá nemendum í 5. – 7. bekk
17:15	Dægradvöl skólans lokað

Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk

Þetta skólaár er verið að prófa nýtt tímafyrirkomulag á unglingastigi. Kennsla hefst kl. 8:30 og hver kennslulota er klukkustund fram að hádegismat en ýmist 40 eða 60 mínútur eftir hádegis. Þetta fyrirkomulag verður endurskoðað og metið eftir veturinn.

7:45	Skólinn opnaður
8:30	Kennsla hefst hjá öllum nemendum
9:30 – 9:50	Frímínútur - nesti
9:50 – 10:50	Vinnulota
10:50 – 11:00	Frímínútur
11:00 – 12:00	Vinnulota
12:00 – 12:30	Frímínútur - matur
12:30 – 13:10/13:30	Vinnulota (ýmist í 40 eða 60 mínútur).
13:30 – 13:40	Frímínútur
13:40 – 15:40	Vinnulota - Kennsla valgreina - skóla lýkur hjá nemendum 8. – 10. bekk – mismunandi eftir dögum og valgreinum nemenda hvenær kennslu lýkur, þó aldrei síðar en 15:40.

Ætlast er til að allir nemendur 1. - 7. bekkjar fari út í allar frímínútur. Undantekningar eru eftirfarandi:

- ✓ Nemandi hefur verið lasinn og foreldri óskar skriflega eftir leyfi til inniveru í frímínútum.
- ✓ Kennari hefur leyfi til að láta nemanda vera inni ef sérstakar ástæður krefjast, s.s. vegna skyndilegra veikinda eða slysa, áreitni eða verkefnaskyldu, en þá á ábyrgð kennara og í samvinnu við skólaliða.
- ✓ Mjög vont veður.

Mötuneyti

Í Vatnsendaskóla starfar matreiðslumeistari og er allur matur eldaður á staðnum. Nemendur eru skráðir í hádegismat í einn mánuð í senn frá 1. hvers mánaðar til síðasta dags hvers mánaðar. Salatbar og ávextir eru í boði með öllum máltíðum. Hver máltíð kostar 415 krónur og sér Kópavogsbær um að innheimta greiðslur um hver mánaðarmót en greitt er fyrirfram. Um 550 manns, nemendur og starfsfólk eru í mat daglega. Matseðil fyrir hvern mánuð er að finna á heimasíðu skólans.

Nemendur sem koma með nesti að heiman geta nýtt sér örbylgjuofna og samlokugrill í matsal.

Dægradvöl

Dægradvöl Vatnsendaskóla er opin nemendum skólans í 1. til 4. bekk frá kl. 13:20 til 17:15 alla daga sem starfsemi er í skólanum og eru starfsdagar kennara þar meðtaldir. Sími Dægradvalar er 570 4271 og 690 8706. Einnig er hægt að ná sambandi við Dægradvöl í gegnum skiptiborð skólans.

Dagskrá Dægradvalar byggir á frjálsum leik innan ákveðins ramma og verkefnum. Spil, föndur og hlutverkaleikir eru vinsæl auk inni- og útileikja. Einnig er farið í vettvangsferðir og unnið með þema ferðanna er heim í skóla er komið.

Hressing í Dægradvöl er kl. 14:20. Greitt er fyrir hressingu 125.- krónur á dag. Börnin fá brauð og ávexti í hressingunni.



Markmið

Markmið Dægradvalar er að bjóða nemendum upp á athvarf þar sem þeir geta dvalið utan skólatíma meðan foreldrar eru í vinnu. Lögð er áhersla á siðferðilegt og félagslegt uppeldi nemenda. Einnig er lögð áhersla á að Dægradvöl sé nemendum fastur punktur í tilverunni, annað heimili þar sem gott er að koma og dvelja við skapandi störf og leiki.

Starfsáætlun nemenda

Fjöldi kennslustunda

1.– 4. bekkur 30 kennslustundir á viku

5. – 7. bekkir 35 kennslustundir á viku

8. – 10. bekkir 30 kennslustundir á viku bundnar í töflu og 7 kennslustundir í vali, samtals 37 kennslustundir á viku.

Í 1. – 4. bekk eru viðfangsefnin meðal annars íslenska, stærðfræði, lífsleikni, enska, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt. Samkennsla er á milli 1. og 2. bekkjar og 3. og 4. bekkjar í samfélagsfræði og náttúrufræði. Inn í samkennsluna fléttast íslenska og lífsleikni. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á yngsta stigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í bekkjum eða taka minni hópa með sér í námsver.

Í 5. – 7. bekk eru viðfangsefnin íslenska, enska, stærðfræði, danska, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingamennt, smíði, heimilisfræði, textílmennt og myndmennt. Kennarar hafa val um að samþætta námsgreinar í ákveðnum lotum og er það aðallega gert í samfélagsfræði, náttúrufræði og íslensku. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á miðstigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í bekkjum eða taka minni hópa með sér í námsver.

Í 8. – 10. bekk er greinaskipt kennsla og fá nemendur stundatöflu þar sem tímar eru merktir inn á töfluna. Viðfangsefnin eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði, enska, danska, umsjónartímar og lífsleikni. Að auki eru nemendur með val tíma í töflu. Sérkennarar og stuðningsfulltrúar eru á unglingastigi og eru þeir ýmist til aðstoðar inni í bekkjum eða taka minni hópa með sér í námsver.

Tilhögun kennslu

Í Vatnsendaskóla er lögð rík áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Áhersla er lögð á umhverfis-, rannsóknar- og vettvangsnám. Gildi skólanámskrár byggist á virðingu, vináttu, samvinnu og skapandi skólastarfi. Sérstök áhersla er lögð á náttúrufræði og raungreinar og útikennsla er ríkur þáttur í skólastarfinu þar sem skólinn er staðsettur við Elliðavatn.

Í Vatnsendaskóla er sérkennsla fyrir þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám, tilfinningar, félagsleg samskipti eða vegna fötlunar. Kennslan er ýmist einstaklingsbundin eða fer fram í hóp, hvort sem er innan bekkjar eða utan. Grundvöllur sérkennslu er greining á námsstöðu og vanda nemandans svo hægt sé að velja námsefni við hæfi. Greiningar geta komið frá kennara, sálfræðingi, sjúkraþjálfara, lækni, talmeinafræðingi, náms- og starfsráðgjafa eða öðrum sérfræðingum. Greiningar og sérkennsla eru ætíð unnin í samráði við forráðamenn barnanna og í góðu samstarfi við umsjónakennara.

Félagslíf og vettvangsferðir

Bekkjarskemmtanir

Hver bekkur hefur að lágmarki eitt bekkjarkvöld á hvorri önn. Bekkjarkvöld eru ýmist haldin í skólanum eða fyrir utan hann. Bekkjarfulltrúar skipuleggja bekkjarkvöld og er það gert í samvinnu við umsjónarkennara.

Skólabúðir

7. bekkur hefur þegar farið í Skólabúðirnar að Reykjum og 9. bekkur sömuleiðis í Skólabúðir að Laugum.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðum er fléttað inn í skólastarfið í flestum árgöngum. Nemendur 3. bekkja fara t.d. í réttarferð á haustin. Nemendur 5. bekkja fara í gróðursetningaferð á vorin í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs. 10. bekkur fer í útskriftarferð að vori en hún er skipulögð í samstarfi við foreldra.

Nú þegar hefur 10. bekkurinn farið á sýningu á Borgarbókasafninu, 7. bekkur á Vísindasafnið og í heimsókn til 365 miðla og 3. bekkur farið í réttir. Fleiri ferðir eru fyrirhugaðar í vetur í öllum árgöngum skólans.

Árshátíðir

Árshátíð unglingastigs er haldin í apríl eða maí á hverju ári.

Árshátíð miðstigs er haldin árlega í byrjun maí.



Skák

Nemendum í 1. – 7. bekk er boðið upp á skákkennslu í samvinnu við Taflfélag Kópavogs. Æfingar fara fram í skólanum á miðvikudögum kl. 17:00 – 18:30. Nemendur unglingadeildar geta valið skák sem valgrein í skólanum.

Einstaklingsmiðað nám

Viðhorf	Námsumhverfi	Nemandi	Kennarar	Foreldrar
Skólinn er vinnustaður nemenda, kennara og annarra starfsmanna.	Nemendum stendur til boða að nota fartölvur í kennslu í samráði við kennara.	Hver og einn nemandi er ábyrgur fyrir námi sínu.	Kennarar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.	Foreldrar taka þátt í skólastarfinu.
Viðurkennt að einstaklingar eru ólíkir; mismunandi námsaðferðir, markmið og frammistaða.	Afrakstur af vinnu nemenda sýnilegur víða um skólann.	Nemendur þekkja mismunandi námstækni og eigin námsstíl.	Sama þema fyrir nemendur en mismunandi nálgun eftir getu og áhuga nemenda.	Foreldrar taka þátt í að svara leiðsagnarmati með börnunum sínum á hverri önn.
Þátttaka foreldra í skólastarfinu er talin sjálfsgöð og mikilvæg.	Nemendur eiga allir sína heimastofu en fara að hluta til á milli rýma og vinna í árgangablönduðum hópum.	Nemendur aðstoða hver annan við úrlausn verkefna með jafningjafræðslu.	Umsjónarkennarar senda upplýsingar um bekkjarstarf til foreldra í hverri viku.	Foreldrar fylgjast með mætingu og ástundun í mentor og mæta í foreldra- og nemendaviðtöl tvisvar á ári.
Skólinn er opin öllum einstaklingum, óháð sérþörfum.	Bókasafnið er opið fyrir nemendur á hverjum degi.	Nemendur hafa nokkurt val um það hvernig þeir haga sínu námi.	Kennarar meta nemendur jafnt og þétt yfir veturinn, skrá niðurstöðurnar og upplýsa foreldra og nemendur um niðurstöðurnar.	Foreldrar mæta á námskynningar, þemahátíð, opinn skóla, vorhátíð og fleiri skipulagða atburði í skólanum eins og kostur er.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Nemendur unglingastígs geta valið allt að 7 kennslustundir í vali. Fram að áramótum geta nemendur valið á milli eftirfarandi greina:

Enska – grunnur – 40 mín. Enska 103 – 80 mín. Franska – 40 mín. Heimanám – 40 mín. Heimilisfræði – 80 – 120 mín. Hreystival – 80 mín. Iðnfræðsla – 80 mín. Íslensk rokksga – 40 mín. Kynjafræði – 40 mín.	Listmálun – 80 mín. Nemendaráð / Dimma – 40 mín. Skák – 40 mín. Stuttmyndagerð – 80 mín. Stærðfræði 103/Stærðfræði 203 – 80 mín. Textílmennt – 80 mín. Útivist og fjallamennska – 80 mín. Verklek kennsla í MK – 320 mín. Zumba – 40 mín.
---	---



Upplýsingar um nemendur

Skólaárið 2013 – 2014 eru 504 nemendur í 23 bekkjardeildum í Vatnsendaskóla, 247 drengir og 257 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur umsjónarkennara.

Hér að neðan má sjá skiptingu nemenda í umsjónarhópa og nöfn umsjónarkennara:

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. Brennisóley	12	9	21	Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir
1. Holtasóley	12	7	19	María Ásmundsdóttir
1. Mýrasóley	10	12	22	Jóna L. Aðalsteinsdóttir
2. Baldursbrá	10	11	21	Stella María Ármann
2. Blóðberg	14	8	22	Jónína Edda Sævarsdóttir
2. Fjallastjarna	12	10	22	Lovísa Hannesdóttir
3. Blágresi	11	8	19	Ásta Ingunn Sævarsdóttir
3. Bláklukka	12	8	20	Sigríður Sturludóttir
3. Blákolla	12	6	18	Klara Sigurmundadóttir
4. Klukkublóm	8	12	20	Margrét Jóhannsdóttir
4. Melablóm	11	9	20	Sara Sædal Andrésdóttir
4. Vetrarblóm	11	11	22	Sigríður Hjartardóttir
5. Ljónslöpp	9	9	18	Smári Þorbjörnsson
5. Lokasjóður	9	11	20	Helga Arnþórsdóttir
5. Lækjardepla	8	13	21	Steinunn Björg Birgisdóttir
6. Eyrarrós	16	18	34	Heiða Björk Egilsdóttir og Ingunn Huld Kristófersdóttir
7. Lambagras	5	14	19	Jóhanna Kristín Gísladóttir
7. Ljósberi	11	11	22	Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir
8. Bláberjalyng	9	14	23	Sóley Ásta Karlsdóttir
8. Krækilyng	7	16	23	Kristín Helga Einarsdóttir
9. Beitilyng	7	15	22	Anna Reynarsdóttir
9. Mosalyng	9	14	23	Hákon Sverrisson
10. Hrutaberjalyng	22	11	33	Kristín Pétursdóttir og Íris Másdóttir
Samtals:	247	257	504	



Starfsfólk Vatnsendaskóla

Við Vatnsendaskóla starfar 71 starfsmaður, kennarar, sérkennarar, þroskaþjálfar, talkennari, námsráðgjafi, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, ritari, húsvörður og skólaliðar, auk skólastjóra og deildarstjóra.

Nafn	Starfsheiti	Netfang
Anna Elísabet Ólafsdóttir	Þroskaþjálfari	annalisa@vatnsendaskoli.is
Anna Reynarsdóttir	kennari	annare@vatnsendaskoli.is
Arndís Th. Friðriksdóttir	Sérkennari	arndisfr@kopavogur.is
Auður Sveinbjörg Jóhannsdóttir	Hjúkrunarfræðingur	hjukrunve@kopavogur.is
Auður Tinna Hlynisdóttir	Stuðningsfulltrúi	audurt@vatnsendaskoli.is
Álfheiður Ingimarsdóttir	Kennari	alfheiduringimars@vatnsendaskoli.is
Ása Magnea Vigfúsdóttir	Ritari	asamagnea@vatnsendaskoli.is
Ásta Ingunn Sævarsdóttir	Kennari	astasa@vatnsendaskoli.is
Benedikt Bragi Sigurðsson	Skólasálfræðingur	benediktbs@kopavogur.is
Birgir Rafn Birgisson	Stundakennari	birgirrafn@kopavogur.is
Birna Hugrún Bjarnardóttir	Sérkennari	birnahb@vatnsendaskoli.is
Björn Hanan Abed	Stuðningsfulltrúi	bjornh@vatnsendaskoli.is
Edda Kolbrún Egilsdóttir	Starfsmaður í Dægradvöl	eddak@vatnsendaskoli.is
Einar Baldursson	kennari unglingastig	einarb@vatnsendaskoli.is
Einar Eysteinnsson	Stuðningsfulltrúi	einare@kopavogur.is
Eric Paul Calmon	Kokkur	ericpaul@vatnsendaskoli.is
Guðleif Margrét Þórðardóttir	Starfsmaður í Dægradvöl	gudleif@vatnsendaskoli.is
Guðrún Elva Arinbjarnardóttir	Námsráðgjafi	gudrunelva@vatnsendaskoli.is
Guðrún Soffía Jónasdóttir	Skólastjóri	gudrunj@vatnsendaskoli.is
Guðrún Vala Ólafsdóttir	Tölvukennari	vala@vatnsendaskoli.is
Gunnar Bjarni Kristinsson	Stuðningsfulltrúi	gunnarbjarni@vatnsendaskoli.is
Halla María Ólafsdóttir	Textilmennt	halla@vatnsendaskoli.is
Halldór Sigurjónsson	Húsvörður	halldors@vatnsendaskoli.is
Hákon Sverrisson	Kennari	hakonsverris@vatnsendaskoli.is
Heiða Björk Egilsdóttir	Kennari	heidabjork@vatnsendaskoli.is
Hekla Hannibalsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	hekla@vatnsendaskoli.is
Helga Arnþórsdóttir	Umsjónarkennari	helga.arnthors@vatnsendaskoli.is
Hólmfríður Hafberg	Stuðningsfulltrúi	hafberg@vatnsendaskoli.is
Hrefna Jóna Óskarsdóttir	Forstöðumaður Dægradvalar	hrefnao@vatnsendaskoli.is
Hrönn Jónsdóttir	Sérkennari	hronnj@vatnsendaskoli.is
Hulda Björk Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	huldabjork@vatnsendaskoli.is
Ingibjörg Bjarney Bjarnadóttir	Kennari	ingibjorgbjarney@vatnsendaskoli.is
Ingunn Huld Kristófersdóttir	Kennari	ingunnhuld@vatnsendaskoli.is
Íris Másdóttir	Kennari	irismasd@vatnsendaskoli.is
Jóhanna Kristín Gísladóttir	Kennari	jkg@vatnsendaskoli.is
Jónína Edda Sævarsdóttir	Kennari	joninaedda@vatnsendaskoli.is
Kjartan Ólafsson	Íþróttakennari	kjartanolafs@vatnsendaskoli.is

Klara Sigurmundadóttir	Kennari	klarasig@vatnsendaskoli.is
Klinta Vanaga	Stuðningsfulltrúi	klinta@vatnsendaskoli.is
Kristín Helga Einarsdóttir	Kennari	kristinhelga@vatnsendaskoli.is
Kristín Pétursdóttir	Kennari	kpeturs@vatnsendaskoli.is
Kristjana Ragnarsdóttir	Skólaliði	kristjanaragnars@gmail.com
Lenivalda Rodrigues Ferreira	Skólaliði	
Loreta Kazlauskaité	Kennari	loreta@vatnsendaskoli.is
Lovísa Hannesdóttir	Kennari	lovisah@vatnsendaskoli.is
Malla Rós Valgerðardóttir	Stuðningsfulltrúi	mallaros@strandabyggd.is
Margrét Jóhannsdóttir	Kennari	margretjo@kopavogur.is
Margrét Jóna Jónsdóttir	Proskapjálfi	margretj@vatnsendaskoli.is
Margrét Lilja Árnadóttir	Skólaliði	magga2606@visir.is
María Ásmundsdóttir	Kennari	mariaa@vatnsendaskoli.is
María Jónsdóttir	Deildarstjóri	mariaj@vatnsendaskoli.is
Nína Hrönn Guðmundsdóttir	Myndmenntakennari	nina@vatnsendaskoli.is
Ólöf Ósk Óladóttir	Kennari	olofosk@vatnsendaskoli.is
Páll Janus Þórðarson	Kennari	palljanus@vatnsendaskoli.is
Ragnheiður Jóna L. Aðalsteinsdóttir	Kennari	jonal@vatnsendaskoli.is
Rakel Fjeldsted Jóhannesdóttir	Kennari	rakelfj@vatnsendaskoli.is
Rattiyaporn Insorn	Skólaliði	
Rogélia Helena Pinheiro Grilo	Skólaliði	grilo@vatnsendaskoli.is
Róbert Ólafur Gr. Mc Kee	Smíðakennari	robert@vatnsendaskoli.is
Rósamunda Rúnarsdóttir	Skólaliði	rosa@vatnsendaskoli.is
Rósý Karlsdóttir	Skólaliði	rosy@vatnsendaskoli.is
Sandra Rós Pétursdóttir	Skólaliði II	sandrapeturs@hotmail.com
Sara Sædal Andrésdóttir	Kennari	saras@vatnsendaskoli.is
Sigríður Hjartardóttir	kennari	sigridurhjartar@vatnsendaskoli.is
Sigríður Sturludóttir	Kennari	sisi@vatnsendaskoli.is
Sigurborg Birgisdóttir	Kennari	sigurborgb@kopavogur.is
Smári Þorbjörnsson	Kennari	smari@vatnsendaskoli.is
Sóley Ásta Karlsdóttir	Kennari	soleyasta@vatnsendaskoli.is
Steinunn Björg Birgisdóttir	Kennari	steinunnb@vatnsendaskoli.is
Stella María Ármann	Kennari	stellam@kopavogur.is
Svandís Halldórsdóttir	Íþróttakennari	svandish@vatnsendaskoli.is

Samstarf heimila og skóla

Gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum góðs skólastarfs og stuðlar að ánægju og vellíðan nemenda. Til þess að samskipti verði góð og árangursrík þurfa allir starfsmenn skólans og foreldrar að leggja sitt af mörkum. Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Skólinn aðstoðar þá í uppeldishlutverkinu og skapar menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Má þar nefna virka þátttöku í foreldrafélagi og bekkjarstarfi. Ýmsir þættir í hinu daglega skólastarfi snúa beint að foreldrum og er ekki síður mikilvægt að þeir séu virkir þátttakendur í þeim hluta t.d. með því að fylgjast með heimanámi barna sinna, mæta á fundi s.s. námsefniskynningar og bekkjarkvöld, aðstoða í ferðum og koma með innlegg í kennsluna þegar það á við, t.d. hvað varðar kynningar á starfsgreinum. Skólinn er ávallt opinn foreldrum og forráðamönnum hvenær sem er.

Nemenda- og foreldraviðtöl

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Gott samstarf heimila og skóla leggur grunn að farsælli skólagöngu nemenda. Hefðbundin nemenda- og foreldraviðtöl eru þrisvar yfir skólaárið. Skólasetning er með þeim hætti að kennarar hitta nemendur og foreldra í skólaboðunarviðtölum og fara yfir það sem framundan er yfir veturinn. Í október og janúar eru einnig nemenda- og foreldraviðtöl.



Um skólaráð

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla sem er samstarfsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald.

- Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.
- Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin.
- Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Skólanefnd, sbr. 6 gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.“ (Lög um grunnskóla, samþykkt á Alþingi 29. maí 2008, II. kafli, 8.gr.)

Í skólaráð skal skipa níu einstaklinga til tveggja ára í senn:

- Skólastjóri sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess
- Tveir fulltrúar kennara.
- Einn fulltrúi annars starfsfólks en kennara.
- Tveir fulltrúar nemenda.
- Tveir fulltrúar foreldra.
- Einn fulltrúi úr grenndarsamfélaginu sem ofantaldir fulltrúar skólaráðs velja eða einn viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra.

Skólaráð Vatnsendaskóla

Agnes Gunnarsdóttir, foreldrafulltrúi

Drífa Harðardóttir, foreldrafulltrúi

Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri

Halldór Sigurjónsson, húsvörður

Kristófer Ingi Maack, nemandi í 9. Beitylengi

Oddný Ýr Magnúsdóttir, nemandi í 10. Hrutaberjalyngi

Jóhanna Kristín Gísladóttir, kennari

Margrét Stefánsdóttir, foreldrafulltrúi

María Ásmundsdóttir, kennari

Starfsáætlun skólaráðs

Skólaráð fundar þrisvar á haustönn og þrisvar á vorönn. Fundir eru á mánudögum kl. 8:15.

Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skóla, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.

Stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla skólaárið 2013 – 2014

Arnar Gauti Sverrisson, formaður

Þorvar Hafsteinsson, varaformaður/gjaldkeri

Nadia Katrín Banine, ritari

Ólafur Örn Karlsson, meðstjórnandi

Einar Örn Gunnarsson, meðstjórnandi

Margrét Stefánsdóttir, meðstjórnandi

Starfsáætlun foreldrafélagsins liggur ekki fyrir.

Nemendaráð Vatnsendaskóla

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag starfa í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Nemendaráð fundar vikulega, á miðvikudögum kl. 13:40.

Fulltrúar skólaárið 2013 – 2014 eru:

Erna Mist Pétursdóttir

Oddný Ýr Magnúsdóttir

Andri Már Eggertsson

Christopher Einar Burrel

Victor Blær Ágústsson

Starfsáætlun Félagsmiðstöðvarinnar Dimmu:

6. september	Íþróttadagur félagsmiðstöðva í Kópavogi
18. september	Kökukeppni Dimmu
4-6. október	Landsmót Samfés á Hvolfsvelli
18. október	Getkó (spurningakeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi)
21-23. október	Forvarnavika félagsmiðstöðva Kópavogs
6. nóvember	Félagsmiðstöðvadagurinn
23. nóvember	Stíll (fatahönnunar og hárgreiðslukeppni)
13. desember	Söngkeppni Dimmu
19. desember	Jólaball Dimmu og Vatnsendaskóla
10. janúar	Nýársball
22. janúar	Söngkeppni félagsmiðstöðva í Kópavogi
21. febrúar	Kóparokk í Molanum
7. mars	Stórtónleikar Samfés

Félagsmiðstöðin Dimma er opin alla mánudaga og miðvikudaga frá 17:00-22:00 og annan hvern föstudag frá 19:30 - 23:00.



Skólabragur

Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í skólanum starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisleg framkoma eru höfð að leiðarljósi. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.

Skólareglur Vatnsendaskóla

1. Við sýnum hvert öðru virðingu, kurteisi og tillitssemi.
2. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum starfsmanna skólans.
3. Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Forráðamenn nemenda skulu tilkynna forföll þeirra á skrifstofu skólans fyrir kl. 8:10 alla daga sem nemandi er veikur.
4. Nemendur ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.
5. Notkun reiðhjóla, línuskauta, hjólabretta og hlaupahjóla er bönnuð á skólalóðinni á skólatíma.
6. Notkun GSM síma er bönnuð í 1.-7. bekk á skólatíma. Nemendur í 8.-10. bekk mega ekki nota GSM síma í kennslustundum en utan kennslustunda er notkun þeirra leyfð. Brjótí nemandi þessa reglu verða foreldrar að sækja símann í skólann í lok skóladags.
7. Nemendur í 1.-7. bekk mega ekki yfirgefa skólalóðina á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.
8. Tóbaksnotkun er bönnuð á skólatíma, sem og neysla hvers konar vímugjafa. Sömu reglur gilda um allt tómstundastarf, skemmtanir og ferðir á vegum skólans. Við biðjumst afsökunar ef við brjótum reglur skólans.

Viðbrögð við brotum á skólareglum

Ef nemandi brýtur skólareglur ræðir kennari við nemandann. Leitað er lausna að bættri hegðun.

Kennarar geta vísað málum til skólastjórnenda ef þeir telja þörf á því.

Nemandi er spurður um sitt hlutverk og hvort hann geti bætt fyrir brot sitt.

Tilkynnt er um brotið til forráðamanna með símtali eða tölvupóstið. Málið er skráð í dagbók nemanda í Mentor.



Upplýsingar um stoðþjónustu

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Í sérkennslu Vatnsendaskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Sérkennsla í Vatnsendaskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ár

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar þeim nemendum sem eiga í sértækum erfiðleikum. Stuðningsfulltrúar starfa undir stjórn kennara.

Þroskaþjálfar

Þroskaþjálfar eru starfandi við skólann og vinna með þeim börnum sem hafa alvarlegar þroskahamlanir og þurfa á sértækum úrræðum og þjálfun að halda.



Skólahjúkrun

Auður Jóhannsdóttir er hjúkrunarfræðingur skólans og er í 60% starfi undir stjórn Heilsugæslunnar.

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsemi hennar er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum landlæknis. Í henni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Hægt er að lesa nánar um starfssemi heilsuverndar skólabarna inn á www.6h.is á foreldrahluta síðunnar.

Nauðsynlegt er að hjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um breytingar á högum nemenda eða ef um langvinna sjúkdóma og lyfjanotkun er að ræða.

Ef nemandi slasast í skólanum er fyrstu hjálp sinnt. Haft er samband við forráðamann ef veikindi eða slys ber að höndum og því er mjög mikilvægt að á skrifstofu skólans séu alltaf réttar upplýsingar um virk símanúmer og netföng.

Upplýsingar um helstu verkefni skólaheilsuverndar er að finna á heimasíðu skólans, www.vatnsendaskoli.is

Mánudagar kl. 08.00-14.00

Þriðjudagar kl. 09.00-12.00

Miðvikudagar kl. 09.00-14.00

Fimmtudagar kl. 08.00-12.00

Föstudagar kl. 08.00-12.00

Sálfræðipjónusta

Benedikt Bragi Sigurðsson er sálfræðingur skólans. Hann sinnir nemendum ýmist að ósk skóla eða forráðamanna. Skólinn vísar nemendum aðeins til sálfræðings að gefnu samþykki forráðamanna. Forráðamenn leita til umsjónarkennara hafi þeir í hyggju að leita þjónustu skólasálfræðings. Umsjónarkennari vísar erindinu til nemendaverndarráðs sem síðar vísar erindinu áfram til sálfræðings. Viðvera Benedikts Braga er á þriðjudögum frá kl. 8:00 – 15:30.

Náms- og starfsráðgjöf

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir er náms- og starfsráðgjafi skólans í 100% starfi og er við alla daga frá 8:00 – 16:00. Hlutverk hennar er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í ýmsum málum, bæði þau er varða námið og eins í persónulegum málum.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari nemenda. Verkefni hans eru m.a.:

- Persónuleg ráðgjöf nemenda, bæði hóp- og einstaklingsráðgjöf.
- Kynningar á framhaldsskólum.
- Leiðbeiningar um skipulögð vinnubrögð í námi.
- Könnun á áhugasviði.
- Val á framhaldsnámi.
- Prófkvíði.
- Prófundirbúningur.
- Samskipti.
- Stríðni.
- Einelti.
- Áhyggjur.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Tengiliður milli heimila og skóla.

Talkennsla

Jóna S. Valberg er talkennari skólans. Allir 6 ára nemendur fara í athugun hjá talkennara og þeir sem þurfa talkennslu fá hana eins lengi og þörf er á. Foreldrar/forráðamenn barns geta sjálfir óskað eftir að barn þeirra fái talkennslu. Jóna er við á miðvikudögum frá kl. 8:10 – 14:00.

Nemendaverndarráð

Í Vatnsendaskóla er starfrækt nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Nemendaverndarráð er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra, sérkennara, náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi. Skólasálfræðingur situr einnig fundi ef þurfa þykir. Nemendaverndarráð heldur fundi aðra hverja viku og er hlutverk þess að gæta hagsmuna nemenda.

Fulltrúar frá Félagsþjónustu Kópavogs sitja fundi nemendaverndarráðs eftir því sem efni standa til. Hlutaðeigandi kennarar eru boðaðir eftir þörfum. Kennarar vísa málum til ráðsins. Þeir hafa tilkynningarskyldu gagnvart ráðinu ef þeir hafa grun um vanrækslu vegna nemanda.

Önnur sérfræðiþjónusta frá Menntasviði Kópavogs

Vatnsendaskóli hefur aðgang að faglegri ráðgjöf frá skólaskrifstofu Kópavogs og skammtíma vistun fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum í Tröð.



Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks má skipta í tvo meginþætti. Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsmenn meta æskilega eða nauðsynlega fyrir sig. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli innra mats. Starfsmenn greina skólastjóra frá þeim þáttum sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi og/eða til að bæta þekkingu sína sem nýtist í starfi. Starfsmönnum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau námskeið eru á vinnutíma starfsmanna og starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Áherslur varðandi símenntun

Kennarar á yngsta stigi 1. – 3. bekk eru að vinna í tveggja ára þróunarverkefni sem tengist læsi og lestrarkennslu, Byrjendalæsi. Verkefnið hófst á skipulagsdögum á síðasta skólaári og heldur áfram í vetur. Unnið verður í lotum í allan vetur. 15 kennarar skólans vinna saman að þessu þróunarverkefni og er það leitt af Háskólanum á Akureyri.

Fyrirlestrar um bekkjarstjórnun.

Leshópar og rýnifundir verða í vetur til stuðnings við innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár.

Námskeið varðandi uppeldisstefnu skólans Uppeldi til ábyrgðar.

Fyrirlestur um námsmat samkvæmt nýrri Aðalnámskrá.

Kennarar á miðstigi vinna nú að þróunarverkefninu Orð af orði undir stjórn kennara frá Háskólanum á Akureyri. Nokkrir sérgreina og unglingastigskennarar taka einnig þátt í verkefninu.

Kennarar á unglingastigi og nokkrir af öðrum stigum vinna nú að því að læra um speglaða kennslu. Þar eru kennarar að kynna sér nýja kennsluaðferð sem notar tölvutæknina til þess að koma efni til nemenda. Verkefnið er unnið í samstarfi við aðra grunnskóla í Kópavogi og sérfræðinga á þessu sviði. Kennarar munu fræðast um netnám og speglaða kennslu í þessu þróunarverkefni.

Fyrirlestur um Núvitund.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum. Áætlað er að Kópavogsbær standi fyrir mati á ákveðnum þáttum skólastarfsins með könnun meðal foreldra síðar í vetur.

Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Viðfangsefni innra mats

Vatnsendaskóli hefur lagt áherslu á innra mat á skólastarfinu allt frá stofnun skólans árið 2005. Innra mat í Vatnsendaskóla byggir á blandaðri aðferðafræði, það er að segja bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum. Áhersla er lögð á að allir hagsmunaaðilar skólans komi að matinu. Sjálfsmatskerfið byggir á fimm ára áætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru skoðaðir með markvissum hætti.

Skólaárið 2013 – 2014 eru viðfangsefni innra mats:

- Stuðningur og ögrandi verkefni
- Agamál
- Námsmat
- Útikennsla og náttúrufræði
- Skólalóð
- Stjórnun

Skólaþróun og umbótastarf

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð nemendum í 1., 2. og 3. bekk. Kennsluaðferðin hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri og er unnin í samvinnu við HA.

Meginmarkmið *Byrjendalæsis* er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnninnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar texti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Umsjónarmaður verkefnisins innan skólans er Jónína Edda Sævarsdóttir kennari.

Orð af orði

Orð af orði er þróunarverkefni sem unnið er í samstarfi við Háskólann á Akureyri. *Orð af orði* hefur þann tilgang að efla læsi og námsárangur barna og ungmenna og í Vatnsendaskóla er það unnið með nemendum í 4. – 7. bekk. Heiti verkefnisins sprettur af orðaleik þar sem orðið orðaforði er sundurgreint á frumlegan hátt orð-af-orði. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta eða endurbyggja á fjölbreyttan og heildrænan hátt.

Umsjónarmaður verkefnisins innan skólans er Steinunn Björg Birgisdóttir.

Uppeldi til ábyrgðar

Innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar í Vatnsendaskóla hófst árið 2011 en sú stefna ýtir undir ábyrðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Um er að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum.

Hugmyndafræðin byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömm, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórna út frá geðþóttum annarra.

Netnám og spegluð kennsla

Í vetur munu nokkrir kennarar í Vatnsendaskóla vera með tilraunakennslu í svokallaðri speglaðri kennslu. Spegluð kennsla felur í sér að nemendur skoða á myndbandi innlöggn í ákveðnu fagi og vinna svo verkefni því tengdu í skólanum. Þannig geta nemendur horft aftur og aftur á innlagnirnar ef þeir þurfa. Notað verður moodle umhverfi til að vista verkefni kennara og nemenda og þar geta þeir einnig haft samskipti sín á milli.

Grænfáni í Vatnsendaskóla

Vatnsendaskóli er skóli á grænni grein hjá Landvernd og fékk heimild til að flagga Grænfánanum í annað sinn í janúar 2012. Markmið skólans er að hver og einn nemandi læri að taka meiri ábyrgð á eigin umhverfi. Það er mikilvægt að nemendur læri að bera virðingu fyrir auðlindum okkar svo þær nýtist komandi kynslóðum sem best.

Starfandi er umhverfisnefnd við skólann og í henni sitja fulltrúi foreldra, kennara, starfsmanna, stjórnenda og fulltrúar nemenda. Umhverfisnefndin hittist öll um það bil tvisvar á skólaárinu auk þess sem hún hittist af og til í minni hópum.

Í skólanum er lögð áhersla á að fræða nemendur um mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið og náttúruna. Undanfarin ár hafa starfsmenn og nemendur skólans verið að flokka pappír og leitast við að endurnýta hann sem mest. Einnig er lífrænn úrgangur flokkaður í öllum kennslustofum, starfsmannastofu og mótuneyti nemenda. Orkusparnaður er hafður að leiðarljósi og allir eru hvattir til að láta vatnið renna sem minnst úr krönunum og slökkva ljósin þegar gengið er út úr stofum. Í Vatnsendaskóla er ætlast til að nemendur drekki sem mest vatn og ef þeir koma með nesti í einnota umbúðum eiga þeir að taka umbúðirnar með sér heim.

Foreldrar eru hvattir til að ræða um umhverfismál við börn sín og skoða með þeim vefsíður um umhverfismál. Á vefsíðum Landverndar landvernd.is og Umhverfisstofnunar, www.ust.is má finna margskonar fróðleik.



Rýmingaráætlun Vatnsendaskóla

Rýmingaráætlun er til í hverri kennslustofu.

Brunaæfingar eru haldnar tvisvar á ári og þá er húsið rýmt. Rýmingaráætlun er kynnt á kennarafundi að hausti og farið yfir hvernig henni verður hagað yfir veturinn.

Fyrri æfingin er gefin upp og þá er verið að æfa nemendur í að fara í röð og fara á sinn stað úti. Þá er tekinn tími til að kanna hversu fljótir nemendur eru að tæma skólann. Seinni æfingin er eftir áramót og er sú æfing óundirbúin. Á næsta kennarafundi eftir æfingarnar er farið yfir það sem gekk vel og hvað betur mátti fara.

Viðbrögð við vá

Sjá meðfylgjandi skýrslur:

Viðbrögð við óveðri:

http://php.vatnsendaskoli.is/files/skolinn/roskun_a_skolastarfi.pdf?PHPSESSID=715e6757fc65b88cde81a13402e1b6bd

Viðbrögð við jarðskjálftum: http://www.almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=342

Viðbrögð við eldgosi: http://www.almannavarnir.is/default.asp?cat_id=171

Viðbrögð við influensu:

<http://php.vatnsendaskoli.is/files/skolinn/vidbragdsaaetlun.pdf?PHPSESSID=715e6757fc65b88cde81a13402e1b6bd>

Skólaakstur

Hér að neðan er aksturstafla vegna íþróttar- og sundtíma í Vatnsendaskóla. Eins og sjá má þarf skólinn mikinn akstur og fylgd með í rúturnar. Fylgja þarf nemendum í

1. – 5. bekkjum og þarf einn til tvo fylgdarmenn í hverja ferð.

Frá Vatnsendaskóla að Kór - Versölum - Frá Kór - Versölum að Vatnsendaskóla

Mánudagur íþróttir í Kór	Þriðjudagur íþróttir í Kór	Miðvikudagur Sund í Versölum	Fimmtudagur íþróttir í Kór	Föstudagur Sund í Versölum
Íþróttir Kór 6. bekkur (34) kl. 8:15 - 9:40		Sund Versalir 4. bekkur (28) kl. 8:15 - 9:40 Kristjana	Íþróttir Kór 7. bekkur (39) 8:15 – 9:40	Sund Versalir 9.+10. bk drengir (28) kl. 8:15 - 9:40
Íþróttir Kór 1. bekkur (64) kl. 9:30 - 10:55 3 stuðningsfulltr.		Sund Versalir 3. bekkur (30) kl. 9:30 – 10:55 Einar	Íþróttir Kór 8. bekkur (45) 9:30 – 10:55	Sund Versalir 8. bk. stúlkur (30) kl. 9:30 – 10:55
Íþróttir Kór 2. bekkur (65) kl. 10:40 - 12:05 Edda/Kristjana	Íþróttir Kór 9. bekkur (45) 10:50 - 12:10	Sund Versalir 2. bekkur (33) kl. 10:40 – 12:05 Guðleif/Gunnar	Íþróttir Kór 4. bekkur (64) 11:30 – 12:50 Kristjana/Gunnar	Sund Versalir 5. bekkur (31) kl. 11:10 – 12:35
Íþróttir Kór 3. bekkur (59) kl. 12:20 - 13:40 Margrét /Einar	Íþróttir Kór 10. bekkur (33) 12:20 - 13:45	Sund Versalir 2. bekkur (32) kl. 11:40 – 13:05 Margrét	Íþróttir Kór 5. bekkur (61) 12:40 – 14:05 Margrét	Sund Versalir 6. bekkur (34) kl. 12:45 – 14:10
		SundVersalir- Íþróttir Kór 7. b. drengir (16) sund 7. b. stúlkur (23) íþróttir 13:30 – 14:55		